

26 Að loknu þessu yfirmati tekur yfirfiskmatsmaður ákvörðun um, hvort þörf
8. marz sé á frekari athugun og mati á fiskinum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 8. marz 1954.

Ólafur Thors.

Gunnlaugur E. Briem.

27

10. marz

AUGLÝSING

um innflutning nokkurra vörutegunda á skilorðsbundnum frílista.

Ráðuneytið vekur hér með athygli á því, að með reglugerð nr. 15 11. febr. 1954, var gerð sú breyting, að eftirgreindar vörur, sem áður mátti flytja inn frá öllum löndum, má nú **aðeins** flytja inn frá jafnvirðiskaupalöndum (Austur-Þýzkaland, Finnland, Ísrael, Pólland, Sovétríkin, Spánn, Tékkóslóvakía og Ungverjaland):

| Tollskrá: | | Vörutegund. |
|-----------|------------------|---|
| Kafli. | Nr. | |
| 48 | 9, 11 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfðreglar úr baðmull. |
| 49 | 12, 13, 15 | Gólfábreiður, gólfmottur og gólfðreglar úr hör, hampi eða öðrum jurtaþunaefnum, ót. a. |
| 51 | 3, 9, 15, 21, 27 | Ytri fatnaður þrjónaður úr silki, gerviefnum, ull, baðmull og öðrum þunaefnum. |
| Úr 52 | 5, 7, 9, 11, 13 | Jakkar og úlpur (skjólfatnaður úr vindþéttu efni og/eða skinnfóðraðar) úr alls konar þunaefnum. |

Ofangreindar vörur skal heimilt að flytja inn frá öllum löndum, ef eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Vörurnar eru fluttar inn samkvæmt B-skírteinum, sem gefin voru út fyrir birtingu ofangreindrar reglugerðar, 17. febr. 1954.
2. Vörurnar hafi verið pantaðar fyrir þann tíma.
3. Vörurnar verði tollafgreiddar eigi síðar en 1. júlí n. k.

Viðskiptamálaráðuneytið, 10. marz 1954.

Ingólfur Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.